

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja,
nr. 70/2020 (lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn
og hæfar skuldbindingar o.fl.).

Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Markmið.

Markmið laga þessara er að varðveita fjármálastöðugleika, þ.m.t. tryggja áframhald nauðsynlegrar starfsemi fyrirtækja og forðast veruleg neikvæð áhrif á fjármálakerfið. Jafnframt er það markmið laganna að lágmarka hættu á að veita þurfi sérstakan opinberan fjárstuðning til fyrirtækja, auk þess að vernda innstæðueigendur, fjárfesta og eignir viðskiptavina fyrirtækja.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. 20. tölul. 1. mgr. orðast svo: *Kjarnastarfssvið*: Sú starfsemi lánastofnunar, verðbréfafyrirtækis eða samstæðu sem stendur undir verulegum hluta rekstrartekna, hagnaðar eða virði rekstrar.
- b. Í stað orðanna „tengsla við aðra starfsemi“ í 28. tölul. 1. mgr. kemur: innri og ytri víxl-tengsla.
- c. Við 1. mgr. bætast eftirfarandi skilgreiningar í réttari stafrófsröð, svohljóðandi:
 1. *Skilasamstæða*: Eftirfarandi aðilar teljast til skilasamstæðu:
 - a. Skilaaðili og dótturfélög hans enda séu þau ekki skilaaðilar sjálf, dótturfélög annarra skilaaðila og aðilar með staðfestu í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem eru ekki hluti af skilasamstæðu samkvæmt skilaaætlun og dótturfélög þeirra, eða
 - b. lánastofnanir og dótturfélög þeirra sem eru varanlega tengd miðlægrri stofnun og miðlæga stofnunin sjálf og dótturfélög hennar enda telst a.m.k. ein þessara lánastofnana eða miðlæga stofnunin skilaaðili.
 2. *Skilaaðili*: Eftirtaldir aðilar teljast til skilaaðila:
 - a. Fyrirtæki sem skilaaætlun skv. 9. gr. hefur verið útbúin fyrir enda er það ekki hluti af samstæðu sem fellur undir samstæðueftirlit samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, eða
 - b. lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu enda hafi hann verið tilgreindur af skilavaldinu sem skilaaðili í skilaaætlun samstæðu skv. 10. gr.
 3. *Víkjandi hæfur gerningur*: Gerningur sem uppfyllir skilyrði 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þó ekki skilyrði 3.–5. mgr. 72. gr. b sömu reglugerðar.

d. Í stað orðsins „kjarnastarfsemi“ í 2. mgr. kemur: kjarnastarfssvið.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Í skilaáætlun skal tilgreina þá lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem gerð er til fyrirtækis skv. IV. kafla og þann lokafrest sem veittur er til að uppfylla kröfuna. Inntak skilaáætlunar ræðst að öðru leyti af stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli lokamálgreinar 10. gr.
- b. Á eftir 1. másl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Skilaáætlun skal þó uppfærð þegar í stað ef skilaaðgerðum eða niðurfærslu og umbreytingu fjármagnsgerninga skv. VI. kafla hefur verið beitt.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. másl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Skilaáætlunin skal tilgreina skilaaðila og, ef við á, skilasamstæður innan sérhverrar samstæðu.
- b. Á eftir 1. másl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Skilavaldið getur tilgreint skilaaðila og útbúið og uppfært skilaáætlun fyrir skilasamstæðu sem samsett er af aðilum innan lögsögu þess.
- c. 1. másl. 3. mgr. orðast svo: Í skilaáætlun samstæðu skal tilgreina þær skilaaðgerðir sem ætlunin er að grípa til gagnvart skilaaðilum og þau áhrif sem aðgerðirnar geta haft á aðrar einingar innan samstæðu, móðurfélag og dótturfélög.

5. gr.

Í stað orðanna „miðlun fjármagns í fjármálakerfinu“ í 2. másl. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: aðstæður til fjármögnunar.

6. gr.

Í stað 2. másl. 1. mgr. 14. gr. laganna koma þrjú nýir málsliðir, svohljóðandi: Mat á skilabærni skal fara fram samhliða gerð skilaáætlunar samstæðu skv. 10. gr. Matið skal byggjast á því hvort raunhæft og hagkvæmt sé að taka einstaka aðila innan samstæðu til slitameðferðar eða leysa samstæðuna upp í heild með skilaaðgerðum gagnvart einstökum skilaaðilum innan samstæðunnar. Að öðru leyti tekur mat á skilabærni mið af þeim efnisatriðum sem fram koma í 13. gr.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. Í stað tilvísunarinnar „13. gr.“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: 13. og 14. gr.
- b. Á eftir 1. másl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ef annmarkar á skilabærni varða það að skilaaðili uppfyllir ekki samanlagða kröfu um eiginfjárauka auk lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skal skilaaðili innan tveggja vikna frá móttöku tilkynningar skv. 1. mgr. leggja til við skilavaldið mögulegar aðgerðir og tímafrest til að uppfylla kröfurnar.
- c. Í stað orðanna „eigið fé“ í 10. og 11. tölul. 3. mgr. kemur: eiginfjárgrunn.
- d. Í stað orðanna „ófjárhagslegan hluta samstæðu“ í 12. tölul. 3. mgr. kemur: þann hluta samstæðu sem ekki tengist fjármálaþjónustu.

- e. Við 3. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Að fyrirtækið eða eining leggi fram áætlun um hvernig það hyggst uppfylla aftur samanlagða kröfu um eiginfjárouka auk lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.
- f. Í stað orðsins „það“ í síðara skipti í 4. mgr. kemur: skilavaldið.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

- a. Við 1. tölul. 2. mgr. bætist: hjá samstæðu í heild og, ef við á, skilasamstæðum innan sérhverrar samstæðu.
- b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Ef annmarkar á skilabærni samstæðu varða samanlagða kröfu um eiginfjárouka auk lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, sbr. 2. másl. 2. mgr. 15. gr., skal skilavaldið, að undangengnu samráði við skilastjórnvöld skilaaðila og dótturfélaga, tilkynna móðurfélagi í efsta þrepi samstæðu um mat sitt á annmörkunum. Ef annmarkar í skýrslu skv. 1. mgr. eru vegna sama efnisatriðis skal móðurfélagið, innan tveggja vikna frá móttöku tilkynningar skv. 1. másl., koma með tillögur um tímasettar aðgerðir til að uppfylla kröfurnar skv. 2. másl. 2. mgr. 15. gr.
- c. Í stað orðanna „fjögurra mánaða“ í 2. másl. 4. mgr. kemur: eins mánaðar.
- d. Við 4. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ef annmarkar varða efnisatriði skv. 2. másl. 2. mgr. 15. gr. skal sameiginleg ákvörðun tekin innan tveggja vikna frá móttöku skilavaldsins á tillögum móðurfélagsins um aðgerðir skv. 2. másl. 4. mgr.
- e. Í stað orðanna „tímamarka skv. 4. mgr.“ í 1. másl. 5. mgr. kemur: viðeigandi tímamarka skv. 5. mgr.
- f. Í stað orðanna „tímafrests skv. 4. mgr.“ í 3. másl. 5. mgr. kemur: viðeigandi tímafrests skv. 5. mgr.
- g. Í stað tilvísunarinnar „5. mgr.“ í 6. mgr. kemur: 6. mgr.
- h. Í stað tilvísunarinnar „4. eða 5. mgr.“ í 7. mgr. kemur: 5. eða 6. mgr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „samtölu heildarskuldbindinga og eiginfjárgrunns fyrirtækis“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: áhættugrunni og heildarmælistærð áhættuskuldbindinga.
- b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Skilavaldið ákveður þann hluta af lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem er undirskipaður skuldbindingum sem óheimilt er að beita eftirgjöf gagnvart skv. 56. gr. Skilavaldið skal jafnframt ákveða að hve miklu leyti undirskipuðum hluta af lágmarkskröfunni skal mæta með víkjandi hæfum gerningum.
- c. 5. og 6. mgr. falla brott.

10. gr.

21. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Takmarkanir á úthlutun.

Fyrirtæki eða eining skv. b–d-lið 1. mgr. 2. gr. sem uppfyllir samanlagða kröfu um eiginfjárouka samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki en ekki samanlagða kröfu um eiginfjárouka til viðbótar við lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 17. gr. skal

tilkynna það til skilavaldsins án tafar. Fyrirtæki eða einingu er óheimilt, áður en hámarks-úthlutunarfjárhæð hefur verið reiknuð út, að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

1. Framkvæma úthlutun skv. 1. mgr. 86. gr. m laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.
2. Stofna til skuldbindingar um að greiða kaupauka eða greiða kaupauka ef stofnað var til skuldbindingar til greiðslu á þeim tíma þegar fyrirtækið eða einingin uppfyllti ekki samanlagða kröfu um eiginfjárouka.
3. Greiða af gerningi sem telst til viðbótar eigin fjár þáttar 1.

Fyrirtæki eða eining sem uppfyllir ekki samanlagða kröfu um eiginfjárouka samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki auk lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 17. gr. er óheimilt að grípa til ráðstöfunar skv. 1–3. tölul. 1. mgr. ef slík ráðstöfun nemur fjárhæð umfram hámarksúthlutunarfjárhæð.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Fyrirtæki og einingar skulu afhenda skilavaldinu nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem varða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Þá skulu þau að lágmarki árlega gera viðeigandi upplýsingar opinberar.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Skilavaldinu er heimilt að veita fyrirtæki og einingu hæfilegan tímafrest til að aðlaga sig að ákvörðunum skv. 17.–20. gr. Ákvörðun um tímafrest vegna kröfu skv. 17. gr. skal tekin að teknu tilliti til eftirfarandi hjá fyrirtæki eða einingu:
 1. Hlutfalls innlána og skorts á skuldagerningum í fjármögnunarlíkani.
 2. Aðgengis að fjármagnsmarkaði fyrir hæfar skuldbindingar.
 3. Að hvaða marki skilaaðili reidir sig á almennt eigið fé þáttar 1 til að uppfylla lágmarkskröfuna.
- c. 3. mgr. orðast svo:
Seðlabanki Íslands skal setja reglur um form og tíðni gagnaskila og upplýsingagjafar skv. 1. mgr. og form og skilgreiningar vegna upplýsingaskipta skv. 3. mgr.

12. gr.

Á eftir 22. gr. laganna kemur ný grein, 22. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Reglugerð.

Ráðherra setur reglugerð um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar samkvæmt þessum kafla, þar á meðal um aðferðafræði og viðmið við útreikning á lágmarkskröfunni og hámarksúthlutunarfjárhæð.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

- a. 2. mgr. orðast svo:
Ákvæði 1. mgr. gildir um skuldbindingu sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:
 1. Er ekki undanþegin eftirgjöf skv. 2. mgr. 56. gr.
 2. Er ekki innstæða sem fellur undir a-lið 1. tölul. 1. mgr. 85. gr. a.
 3. Er útgefin á grundvelli löggjafar utan Evrópska efnahagssvæðisins.

- b. Á eftir 2. mgr. koma fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um skuldbindingu sem getur verið háð niðurfærslu eða umbreytingu á grundvelli heimildar samkvæmt lögum í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða á grundvelli heimildar samkvæmt bindandi samningi sem gerður hefur verið við viðkomandi ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fyrirtæki eða eining skal tilkynna skilavaldinu ef það telur óframkvæmanlegt að hafa skilmála skv. 1. mgr. í samningum þess. Í tilkynningunni skal tilgreina flokk þeirrar skuldbindingar sem skilmáli samningsins varðar og rökstuðning fyrir afstöðu fyrirtækisins eða einingarinnar. Móttaka skilavaldsins á tilkynningu frestar skyldu skv. 1. mgr. Skilavaldið getur, í því skyni að meta áhrif tilkynningarinnar á skilabærni, aflað allra nauðsynlegra upplýsinga frá fyrirtæki eða einingu, sbr. 7. gr.

Skilavaldið leggur mat á tilkynningu skv. 4. mgr. Það skal, innan hæfilegs tímafrests, krefjast þess að fyrirtæki eða eining framfylgi skyldu skv. 1. mgr. ef það fellst ekki á afstöðu fyrirtækis eða einingar um að skilmáli í samningi sé óframkvæmanlegur. Skilavaldið getur jafnframt krafist þess að fyrirtæki eða eining breyti starfsvenjum sínum varðandi samningsbundna viðurkenningu á eftirgjöf.

Ákvæði 4. mgr. gildir ekki um skuldbindingar sem teljast til gerninga viðbótar eigin fjár þáttar 1 og þáttar 2 og skuldagerninga enda teljist gerningarnir til ótryggðra skuldbindinga. Jafnframt skulu skuldbindingarnar vera réttþærri en kröfur skv. 3. tölul. 85. gr. a.

Ef skilavaldið ákvarðar, við mat á skilabærni eða á öðrum tíma, að meira en 10% af flokki skuldbindinga sem inniheldur hæfar skuldbindingar innihaldi ekki skilmála skv. 1. mgr. skal það þegar í stað meta áhrif þess á skilabærni fyrirtækis eða einingar. Við mat á 10% viðmiðunarmarkinu skal taka tillit til skuldbindinga sem eru undanskildar eða heimilt er að undanskilja eftirgjöf skv. 1. og 2. mgr. 56. gr. Ef mat skilavaldsins samkvæmt þessari málsgrein leiðir til þess að annmarkar teljist á skilabærni fyrirtækis eða einingar skal það beita heimildum skv. 15. gr. til að bæta úr annmörkunum.

- c. Við 4. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Skuldbindingar sem fyrirtæki eða eining vanrækja að tilgreina í samningsskilmálum skv. 1. mgr. geta ekki nýst til að uppfylla kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.
- d. 5. mgr. orðast svo:

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar, þar á meðal um eftirfarandi:

- a. efni samningsskilmála skv. 1. mgr.,
- b. skrá yfir undanþegnar skuldbindingar skv. 2. og 3. mgr.,
- c. skilyrði þess að óframkvæmanlegt geti talist að hafa skilmála í samningum, sbr. 4. mgr.,
- d. skilyrði og hæfilegan tímafrest fyrir kröfu skilavalds um að skuldbinding innihaldi viðeigandi skilmála, sbr. 5. mgr.,
- e. verklag og form fyrir veitingu upplýsinga til skilavaldsins skv. 4. mgr.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „fyrirtækis eða einingar“ í inngangsmálslíð 1. mgr. kemur: og hæfum skuldbindingum skv. 2. mgr. hjá fyrirtæki eða einingu.
- b. Í stað tilvísunarinnar „1. mgr. 35. gr.“ í 1. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. kemur: 35. gr.

- c. Á eftir orðunum „niðurfærslu eða umbreytingar fjármagnsgerninga“ í 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. kemur: og hæfra skuldbindinga skv. 2. mgr.
- d. Á eftir orðinu „fjármagnsgerninga“ í 2. mgr. kemur: og hæfra skuldbindinga.
- e. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er að niðurfæra eða umbreyta hæfum skuldbindingum án skilaaðgerða þrátt fyrir að þær uppfylli ekki skilyrði um eftirstöðvatíma skv. 1. mgr. 72. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Þær skuldbindingar sem um ræðir í ákvæðinu skal tilgreina í reglugerð settri á grundvelli 22. gr. a.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Höfuðstóll hæfra skuldbindinga skv. 2. mgr. 27. gr. er niðurfærður eða honum umbreytt í almennt eigið fé þáttar 1, eða hvort tveggja, að því marki sem nauðsynlegt er til að ná markmiðum skilameðferðar skv. 1. gr. eða að því marki sem unnt er miðað við umfang viðeigandi skuldbindinga, hvort sem er lægra.
- b. Á eftir orðunum „viðeigandi fjármagnsgernings“ í inngangsmálslið 2. mgr. og 2. og 3. tölul. 2. mgr. kemur: eða hæfrar skuldbindingar skv. 2. mgr. 27. gr.
- c. Á eftir orðunum „eigenda viðeigandi fjármagnsgerninga“ í inngangsmálslið 3. mgr. kemur: og hæfra skuldbindinga skv. 2. mgr. 27. gr.
- d. Á eftir orðunum „umbreytingu á viðeigandi fjármagnsgerningum“ í inngangsmálslið 3. mgr. kemur: og hæfum skuldbindingum.
- e. 4. tölul. 3. mgr. orðast svo: Umreikningsgengi, sem ákvarðar fjölda útgefinna fjármagnsgerninga sem teljast til almenns eigin fjár þáttar 1, eða hæfra skuldbindinga skv. 2. mgr. 27. gr., er í samræmi við 64. gr.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

- a. Inngangsmálsliður 1. mgr. orðast svo: Áður en ákvörðun er tekin um niðurfærslu eða umbreytingu fjármagnsgerninga eða hæfra skuldbindinga skv. 2.–5. tölul. 1. mgr. 27. gr., sem gefin er út af dótturfélagi til að uppfylla kröfur um eiginfjárgrunn þess og samstæðu, skal skilavaldið.
- b. Í stað orðanna „án tafar“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: innan 24 klukkustunda.
- c. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist: eða hæfra skuldbindinga.

17. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna verður: **Niðurfærsla og umbreyting fjármagnsgerninga og hæfra skuldbindinga.**

18. gr.

Á eftir orðinu „fjármagnsgerninga“ í 1. mgr., inngangsmálslið 2. mgr. og 2. og 6. tölul. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: og hæfra skuldbindinga.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:
Skilavaldið ákveður hvort grípa skuli til skilaaðgerðar gagnvart fyrirtæki eða einingu að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

1. Það hefur móttækið tilkynningu um að fyrirtæki eða eining sé á fallanda fæti skv. 34. gr.
 2. Ekki er unnt að koma í veg fyrir fall fyrirtækis eða einingar með öðru og vægara móti.
 3. Skilaaðgerð er nauðsynleg vegna almannahagsmuna þannig að markmiðum laga þessara verði náð.
- b. 2. tölul. 3. mgr. fellur brott.
- c. Við 3. tölul. 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Skilavaldið skal þá tilgreina eignarhaldsfélagið á fjármálasviði sem skilaaðila í skilaaætlun samstæðu.
- d. 4. mgr. orðast svo:
- Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt er skilavaldinu heimilt að grípa til skilaaðgerðar gagnvart eignarhaldsfélagi skv. c- eða d-lið 1. mgr. 2. gr. ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:
1. Eignarhaldsfélagið er skilaaðili.
 2. Dótturfélag eignarhaldsfélagsins, eitt eða fleiri, sem er lánastofnun eða verðbréfa-fyrirtæki, en ekki skilaaðili, uppfyllir skilyrði skv. 1. mgr.
 3. Eignir og skuldir dótturfélagsins eru slíkar að fall þess stefni annarri lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki í samstæðunni, eða samstæðunni í heild, í hættu.

20. gr.

Á eftir 35. gr. laganna kemur ný grein, 35. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Heimild til að fresta tilteknum skuldbindingum við ákvörðun um skilameðferð.

Skilavaldinu er heimilt að fresta greiðslu eða afhendingu samkvæmt samningum sem fyrirtæki eða eining hefur stofnað til að uppfylltum öllum eftirtöldum skilyrðum:

1. Ákvörðun um að fyrirtæki eða eining sé á fallanda fæti hefur verið móttækin skv. 1. tölul. 1. mgr. 35. gr.
2. Ekki er unnt að koma í veg fyrir fall fyrirtækis eða einingar með aðgerðum einkaaðila, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 35. gr.
3. Frestun á greiðslu eða afhendingu er talin nauðsynleg til að koma í veg fyrir hratt versnandi fjárhagsstöðu fyrirtækis eða einingar.
4. Beiting heimildarinnar er nauðsynleg til að:
 - a. taka ákvörðun skv. 3. tölul. 1. mgr. 35. gr., eða
 - b. taka ákvörðun um viðeigandi skilaaðgerð eða tryggja skilvirka beitingu skilauðræða.

Ákvæði 2.–5. mgr. 70. gr. gilda ef heimild til frestunar skv. 1. mgr. er beitt.

Frestun á greiðslu eða afhendingu skv. 1. mgr. skal að hámarki gilda frá birtingu tilkynningar um frestun skv. 4. mgr. til miðnættis næsta virka dag.

Skilavaldið skal, án tafar, tilkynna fyrirtæki og einingu ásamt öðrum viðeigandi aðilum um beitingu heimildar skv. 1. mgr. Þá skal skilavaldið tryggja birtingu í samræmi við 5. mgr. 35. gr. á ákvörðun um frestun ásamt skilmálum og tímalengd frestunarinnar.

Þegar skilavaldið frestar greiðslu eða afhendingu skv. 1. mgr. er því heimilt á tímabili frestunar að beita ákvæðum 71. og 72. gr.

Hafi skilavaldið beitt heimildum þessarar greinar gegn fyrirtæki eða einingu og í framhaldi gripið til skilaaðgerðar gagnvart fyrirtækinu eða einingunni skal það ekki beita ákvæðum 70.–72. gr. gagnvart þeim.

21. gr.

Í stað orðanna „fyrirtækis eða einingarinnar verið niðurfærðir“ í 39. gr. laganna kemur: og hæfar skuldbindingar fyrirtækisins eða einingarinnar verið niðurfærð.

22. gr.

Í stað orðanna „ráða yfir kerfi“ í 4. mgr. 55. gr. laganna kemur: búa yfir ráðstöfunum.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
 11. Skuldbindingum gagnvart miðlægum mótaðilum sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár eða miðlægum mótaðilum með staðfestu í þriðja ríki enda séu þeir viðurkenndir af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni samkvæmt sömu lögum.
 12. Skuldbindingum, gagnvart fyrirtæki eða einingu enda séu aðilarnir hluti af sömu skilasmastæðu án þess að vera sjálfir skilaaðilar, óháð gjalddaga skuldbindinganna nema þær séu neðar í forgangsröð skv. 85. gr. a en almennar ótryggðar kröfur.
- b. Í stað orðanna „halda áfram nauðsynlegri starfsemi og kjarnastarfsemi“ í 2. tölul. 2. mgr. kemur: halda uppi nauðsynlegri starfsemi og kjarnastarfssviðum.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „hæfar“ fjórum sinnum í 1. og 2. mgr. kemur: eftirgefanlegar.
- b. Í stað orðsins „hæfra“ í 1. mgr. kemur: eftirgefanlegra.
- c. Í stað orðsins „hæf“ í 1. mgr. kemur: eftirgefanleg.
- d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Heimild til að undanskilja eftirgefanlegar skuldbindingar.*

25. gr.

Á eftir 57. gr. laganna kemur ný grein, 57. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Sala á vökjandi hæfum skuldbindingum til almennra fjárfesta.

Seljanda hæfra skuldbindinga er heimilt að selja almennum fjárfesti skuldbindingar sem uppfylla skilyrði 72. gr. a að undanskildum b-lið 1. mgr. og skilyrði 3.–5. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ef eftirfarandi skilyrði eru öll uppfyllt:

1. Seljandi hefur framkvæmt mat á hæfi almenns fjárfestis skv. 44. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.
2. Seljandi telur á grundvelli mats skv. 1. tölul. að slíkar hæfar skuldbindingar henti viðkomandi almennum fjárfesti.
3. Seljandi uppfyllir skyldur skv. 46. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.

Ef verðgildi fjármálagerninga nemur samanlagt ekki meira en jafnvirði 500.000 evra í íslenskum krónum þegar kaupin fara fram, á grundvelli upplýsinga sem fjárfestir veitir skv. 3. mgr., skal seljandi tryggja að eftirfarandi skilyrði séu bæði uppfyllt:

1. Heildarfjárhæð fjárfestingar almenns fjárfestis í skuldbindingum skv. 1. mgr. fer ekki umfram 10% af verðgildi fjármálagerninga þess fjárfestis.
2. Upphafleg fjárhæð fjárfestingar í einni eða fleiri skuldbindingum skv. 1. mgr. nemur að lágmarki jafnvirði 10.000 evra í íslenskum krónum.

Almennur fjárfestir skal veita seljanda nákvæmar upplýsingar um verðgildi fjármálagerninga hans, þ.m.t. allar fjárfestingar í skuldbindingum skv. 1. mgr.

Verðgildi fjármálagerninga skv. 2. og 3. mgr. skal innihalda innstæður og fjármálagerninga, þó ekki fjármálagerninga sem trygging hefur verið sett fyrir.

26. gr.

3. mgr. 66. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði B-hluta XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki gilda einnig um einingar skv. b–d-lið 1. mgr. 2. gr. ef skilyrði 1.–2. tölul. 1. mgr. 35. gr. eru uppfyllt gagnvart einingunum.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

- a. Á eftir tilvísuninni „15., 16., 27. gr.“ í 1. mgr. kemur: 35. gr. a.
- b. Í stað tilvísunarinnar „70.–73. gr.“ í 4. mgr. kemur: 35. gr. a, 70. og 71. gr.
- c. Við 4. mgr. bætist: og 1. mgr. 72. gr.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

- a. 3. tölul. 4. mgr. fellur brott.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef skilavaldið ákveður að fresta greiðslu eða afhendingu skv. 1. mgr. á tryggingarhæfum innstæðum umfram fjárhæðarmörk tryggðra innstæðna skal það tryggja að þeir innstæðueigendur hafi aðgang að viðeigandi daglegri fjárhæð innstæðnanna.

29. gr.

Á eftir 78. gr. laganna kemur ný grein, 78. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Skilmáli í fjárhagslegum samningum um heimildir skilavalds.

Fyrirtæki og eining skulu hafa skilmála um heimild skilavaldsins til að grípa til ráðstafana skv. 35. gr. a og 70.–73. gr. í öllum fjárhagslegum samningum sínum sem löggjöf utan Evrópska efnahagssvæðisins gildir um. Í sömu samningum skal einnig kveðið á um viðurkenningu á skuldbindingargildi ákvæðis 69. gr. þessara laga og 107. gr. f laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Ákvæði 1. mgr. gildir um fjárhagslega samninga sem uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

1. Þeir stofna til nýrrar skuldbindingar eða breyta verulega gildandi skuldbindingu eftir gildistöku laga þessara.
 2. Þeir innihalda ákvæði um réttindi sem sæta takmörkunum skv. 35. gr. a og 69.–73. gr.
- Brot gegn skyldu skv. 1. mgr. takmarkar ekki rétt skilavaldsins til að beita heimildum skv. 35. gr. a og 70.–73. gr.

Seðlabanki Íslands skal setja reglur sem kveða nánar á um efni skilmála skv. 1. mgr.

30. gr.

Á eftir 80. gr. laganna kemur ný grein, 80. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Samspil skilameðferðar og markmiða laganna.

Skilaaðgerðum skal beita að teknu tilliti til markmiða laga þessara. Velja skal þau skilaaðgerðir og skilameðferðir sem eru best til þess fallin að ná þeim markmiðum sem mestu skipta hverju sinni.

Skilavaldið skal leitast við að lágmarka kostnað af skilameðferð og forðast virðistap nema slíkt sé nauðsynlegt til að ná markmiðum laganna.

31. gr.

Á eftir 2. mgr. 89. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skilavaldið skal taka þátt í samstarfsvettvangi sem nefnist evrópskt skilaráð ef eitt af eftirtöldu á við:

1. Fyrirtæki eða móðurfélag í efsta þrepi samstæðu með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins á dótturfélag með starfsemi hér á landi.
 2. Móðurfélag í efsta þrepi samstæðu, tvö eða fleiri, eru með staðfestu í fleiri en einu aðildarríki og eitt móðurfélaganna er með staðfestu hér á landi.
 3. Tvö eða fleiri útibú fyrirtækis með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins teljast mikilvæg og eitt þeirra er starfrækt hér á landi.
- Evrópskt skilaráð hefur sama hlutverk og skilaráð skv. 2. mgr.

32. gr.

Við 1. mgr. 94. gr. laganna bætast fjórir nýir töluliðir, svohljóðandi:

4. 3. mgr. 15. gr. um kröfu skilavalds um aðgerðir til að ráða bót á annmörkum á skilabærni.
5. 1. mgr. 17. gr. um að uppfylla lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.
6. 21. gr. um takmarkanir á úthlutun.
7. 1. mgr. 22. gr. um afhendingu upplýsinga og gagna til skilavaldsins og opinbera birtingu viðeigandi upplýsinga um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.

33. gr.

Við 102. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) frá 20. maí 2019 um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB að því er varðar tapþol og endurfjármögnunargetu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og tilskipun 98/26/EB, að undanskildum hluta ákvæða 6. og 17. tölul. 1. gr. tilskipunarinnar.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

35. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um fjármálaþyrirtæki, nr. 161/2002:*
 - a. Orðin „þegar áætlunin liggur fyrir“ í 1. másl. 3. mgr. 82. gr. a laganna falla brott.
 - b. Lokamálsliður 1. mgr. 98. gr. laganna orðast svo: Við endurskipulagningu fjárhags er heimilt að grípa til skilaaðgerða samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.
 - c. Í stað orðanna „sem hluta skilameðferðar á grundvelli laga“ í lokamálsgrein 98. gr. laganna kemur: í framhaldi af skilameðferð samkvæmt lögum.
 - d. Orðin „eftir því sem við á“ í 3. mgr. 102. gr. laganna falla brott.
 - e. Í stað orðanna „eða laga um gjaldþrotaskipti o.fl.“ í 3. mgr. 102. gr. laganna kemur: sbr. einnig XVII. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl.
2. *Lög um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum, nr. 90/1999:* Í stað orðanna „eða kerfisstjóri“ í 1. másl. 9. tölul. 2. gr. laganna kemur: kerfisstjóri eða uppgjörsaðili að miðlægum mótaðila.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta var samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu í þeim tilgangi að innleiða í íslenskan rétt meginhluta tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/879 frá 20. maí 2019 um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB að því er varðar tapþol og endurfjármögnunargetu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og tilskipun 98/26/EB. Tilskipunin tók gildi innan Evrópusambandsins 27. júní 2019 og var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sam-eiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2022 frá 29. apríl 2022.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Í frumvarpinu er lagt til að meginefni tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/879 verði innleitt í íslenskan rétt. Tilskipunin breytir tilskipun 2014/59/ESB um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja en sú síðarnefnda hefur verið innleidd hér á landi með lögum nr. 54/2018, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, ásamt breytingarlögum nr. 48/2022. Hér eftir verður vísað til tilskipunar 2014/59/ESB sem BRRD og tilskipunar (ESB) 2019/879 sem BRRD II-tilskipunarinnar.

BRRD II-tilskipunin felur í sér endurskoðun á afmörkuðum þáttum BRRD. Breytingar og viðbætur varða meðal annars fyrirbyggjandi aðgerðir og undirbúning skilameðferðar, einstakrar valdheimildir skilavalds við undirbúning og framkvæmd skilameðferðar og heimildir skilavalds til ráðstafana vegna samninga. Veigamestu breytingar tilskipunarinnar varða svo reglur um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL-kröfur). Markmið lágmarkskröfunnar er að fyrirtæki hafi nægt eigið fé og skuldbindingar til að bregðast við tapi fyrirtækisins og hægt verði að endurreisa eiginfjárgrunn þess.

Afmörkuð ákvæði í BRRD II-tilskipuninni voru innleidd með lögum nr. 38/2022, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og fleiri lögum (lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki), þannig að hægt yrði með góðum móti að innleiða reglugerð (ESB) 2019/876 (CRR II), en að öðru leyti er tilskipunin óinnleidd hér á landi. Lagt er til að meginefni tilskipunarinnar verði innleitt með breytingu á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Afmarkað, tæknilegt efni tilskipunarinnar um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar verði svo innleitt með reglugerð ráðherra á grundvelli lagastoðar sem frumvarpið hefur að geyma. Frumvarpið kveður jafnframt á um einstakar breytingar á ákvæðum laganna sem ekki byggjast á BRRD II-tilskipuninni en er ætlað að auka skýrleika nú þegar nokkur reynsla er komin á framkvæmd laganna. Þau ákvæði byggjast öll á BRRD.

3. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpinu er fyrst og fremst ætlað að innleiða meginefni BRRD II-tilskipunarinnar. Nokkur reynsla er komin á framkvæmd laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, og þykir hún kalla á nokkrar breytingar á þeim lögum og einnig lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Eftirfarandi eru helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu:

1. Mælt verður fyrir um nýtt markmiðsákvæði laganna þannig að ákvæðið endurspegli betur markmið BRRD.
2. Nákvæmari reglur um skilaáætlun og skilabærni, sér í lagi hvað samstæður varðar. Miðað við núverandi aðstæður á fjármálamarkaði hafa breytingarnar takmarkaða þýðingu hér á landi enda varða þær að meginstefnu til samstæður og undirsamstæður þeirra.

3. Ýmsar breytingar á ákvæðum IV. kafla laganna um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Breytingarnar uppfæra meðal annars hvernig MREL-kröfur eru reiknaðar út, þær skuldbindingar sem hægt er að nota til að uppfylla kröfurnar og einstakar valdheimildir Seðlabankans, þ.m.t. til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða takmarka úthlutunir fyrirtækja ef þau uppfylla ekki MREL-kröfurnar.
4. Kveðið verður á um skyldu ráðherra til að setja reglugerð um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Reglugerð ráðherra mun innleiða meginefni BRRD II-tilskipunarinnar sem varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.
5. Fyrirmæli um samningsskilmála í samningum fyrirtækis eða einingar sem varða skuldbindingar sem útgefnar eru samkvæmt löggjöf utan Evrópska efnahagssvæðisins.
6. Mælt verður fyrir um breytingar á ákvæði laganna um ákvörðun um skilameðferð. Breytingarnar auka skýrleika og kveða einnig á um skilmerkilegri heimildir til að taka eignarhaldsfélög til skilameðferðar.
7. Skilavald Seðlabanka Íslands fær heimild að ákveðnum skilyrðum uppfylltum til að fresta tilteknum skuldbindingum áður en formleg ákvörðun um skilameðferð er tekin.
8. Mælt verður fyrir um breytingar á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki. Breytingarnar skerpa meðal annars á samspili endurskipulagningar fjárhags og skilameðferðar og einnig reglum um meðferð krafna við slitameðferð.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á meginefni tilskipunar (ESB) 2019/879 í íslenskan rétt. Íslandi ber skv. 7. gr. EES-samningsins að taka upp í landsrétt gerðir sem samsvara tilskipunum eða reglugerðum Evrópusambandsins og teknar eru upp í samninginn. Ísland er því skuldbundið til að innleiða BRRD II-tilskipunina.

5. Samráð.

Frumvarpið var samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu í samráði við Seðlabanka Íslands. Efni frumvarpsins snertir fyrst og fremst lánastofnanir og Seðlabanka Íslands. Áform um lagasetningu voru send öðrum ráðuneytum til umsagnar í lok nóvember 2022. Ein umsögn, tæknilegs eðlis, barst frá forsætisráðuneytinu og hefur verið brugðist við henni. Áformin ásamt drögum að lagafrumvarpi voru til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is á tímabilinu 16. desember – 31. janúar 2023, sbr. mál nr. S-248/2022. Engar umsagnir bárust.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarp til innleiðingar á BRRD II-tilskipuninni kveður á um endurskoðun á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Fyrirséð áhrif á ríkissjóð af samþykkt frumvarpsins eru engin. Þá er skilavald Seðlabanka Íslands í stakk búið að takast á við þau auknu verkefni sem leiða af samþykkt frumvarpsins.

Verði frumvarpið samþykkt sem lög frá Alþingi stuðlar það að því að reglur um undirbúning og framkvæmd skilameðferðar verði samræmdar við gildandi reglur innan Evrópska efnahagssvæðisins. Reglurnar skapa réttarvissu fyrir fjármálafyrirtæki, einkum um kröfur þeirra til fjármögnunar með skuldabréfaútgáfum. Þá skýrir frumvarpið hlutverk og heimildir Seðlabankans sem framkvæmdaraðila laganna. Einnig er frumvarpið liður í því að skapa vandada lagaumgjörð sem eykur viðnámsþrótt gagnvart rekstrarerfiðleikum eða áföllum á fjármálamarkaði, stuðlar að fjármálastöðugleika og dregur úr líkum á því að ríkissjóður þurfi að veita fjármálafyrirtækjum fjárhagsaðstoð í slíkum aðstæðum.

Í lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, er fjallað um áhrif af MREL-kröfunum sem ákveða skal fyrir einstök fjármálafyrirtæki. Þar kemur meðal annars fram að áhrifin hafi mögulega í för með sér breytta fjármagnsskipan íslensku bankanna og aukið vaxtaálag á skuldabréf sem flokkast sem hæfar skuldbindingar. Í frumvarpi þessu eru ákvæði um MREL-kröfur skilavalds útfærð frekar.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á markmiðsákvæði laganna. Ekki er um efnisbreytingu að ræða heldur er ætlunin að ákvæðið verði skýrara og að það samræmist betur markmiðum BRRD.

Um 2. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar og viðbætur við 3. gr. laganna sem fjallar um skilgreiningar.

Um a-, b- og d-lið. Með breytingum í a- og d-lið greinarinnar er lagt til að notast verði við orðið „kjarnastarfssvið“ í stað „kjarnastarfsemi“ fyrir enska heitið „core business lines“. Sú hugtakanotkun þykir endurspeglar betur enska heitið og er í samræmi við þá hugtakanotkun sem stuðst hefur verið við í þýðingum á afleiddum gerðum Evrópusambandsins um endurbætur og skilameðferð sem innleiddar hafa verið hér á landi. Í a-lið greinarinnar er einnig lagt til að notast verði við orðin „virði rekstrar“ fyrir enska heitið „franchise value“, sbr. hugtakanotkun í reglugerð (ESB) nr. 2018/345 sem innleidd var með reglum Seðlabankans nr. 666/2021. Með breytingu í b-lið greinarinnar er einnig lögð til breytt orðnotkun sem samræmist betur frumtexta BRRD og þýðingum á afleiddum gerðum.

Um b-lið. Í ákvæðinu er lagt til að þrjár nýjar skilgreiningar bætist við lögina. Skilgreining á hugtakinu skilasamstæða, sbr. 1. tölul. ákvæðisins, er innleiðing á öðrum hluta e-liðar 1. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. nýjan 83. tölul. b 1. mgr. 2. gr. BRRD. Með miðlægrri stofnun í skilningi 1. tölul. ákvæðisins er átt við miðlæga stofnun í skilningi 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Ekki er starfrækt miðlæg stofnun hér á landi og ekki fyrir séð að svo verði í framtíðinni. Ákvæði 2. tölul. er innleiðing á fyrsta hluta e-liðar 1. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. nýjan 83. tölul. a 1. mgr. 2. gr. BRRD. Ákvæði 3. tölul. er innleiðing á síðasta hluta e-liðar 1. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. nýjan 83. tölul. c 1. mgr. 2. gr. BRRD.

Um 3. gr.

Í greininni eru lagðar til viðbætur við 9. gr. laganna sem fjallar um skilaáætlun lánastofnunar og verðbréfafyrirtækis. Breytingar í a-lið greinarinnar byggjast ekki á breytingum samkvæmt BRRD II-tilskipuninni heldur er þeim ætlað að innleiða á nákvæmari hátt efni 7. mgr. 10. gr. BRRD. Fjallað er um inntak skilaáætlana í 22. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1075 sem innleidd hefur verið með reglum Seðlabankans nr. 666/2021. Breytingar í b-lið greinarinnar eru innleiðing á fyrstu undirgrein a-liðar 2. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. þriðju undirgrein 6. mgr. 10. gr. BRRD.

Um 4. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar og viðbætur við 10. gr. laganna sem fjallar um skilaáætlun samstæðu. Ákvæði a-liðar greinarinnar er innleiðing á síðari undirgrein a-liðar 3. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. síðari undirgrein 1. mgr. 12. gr. BRRD. Ákvæði b-liðar

greinarinnar er innleiðing á b-lið 4. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. fyrstu undirgrein 6. mgr. 13. gr. BRRD. Ákvæði c-liðar greinarinnar er innleiðing á i-lið b-liðar 3. tölul. og a-lið 4. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. breytingar á 3. mgr. 12. gr. og 4. mgr. 13. gr. BRRD. Ef samstæða samanstendur af fleiri en einni skilasamstæðu skulu skilaaðgerðir samkvæmt skilaaætlun ná til skilaaðila sérhverrar skilasamstæðu og tillit tekið til áhrifa aðgerðanna á aðra lögaðila innan sömu skilasamstæðu og innan annarra skilasamstæðna, eftir því sem við á. Ákvörðun um skilameðferð samstæðu sem inniheldur fleiri en eina skilasamstæðu skal tekin í samræmi við málsmeðferðarreglur skv. 6. og 7. mgr. 10. gr. laganna.

Um 5. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 1. mgr. 11. gr. laganna sem fjallar um einfalda skilaaætlun. Rétt þykir að notast við orðin „aðstæður til fjármögnunar“ yfir það sem kallast „funding conditions“ í enskri útgáfu tilskipunarinnar. Orðnotkunin er í samræmi við orðnotkun í þýðingum afleiddra gerða BRRD sem innleiddar hafa verið með reglum Seðlabankans nr. 666/2021.

Um 6. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar og viðbætur við 14. gr. laganna sem fjallar um mat á skilabærni samstæðu. Þær viðbætur sem lagt er til að bætist við 1. mgr. 14. gr. eru ásamt skýringum þessum innleiðing á a-lið 5. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. breytingar á 16. gr. BRRD. Ef samstæða samanstendur af fleiri en einni skilasamstæðu skal mat á skilabærni ná til sérhverrar skilasamstæðu. Um viðbótarmat á skilabærni er þá að ræða umfram mat á skilabærni samstæðu í heild. Um málsmeðferð við ákvörðunartöku fer skv. 6. og 7. mgr. 10. gr. laganna.

Um 7. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar og viðbætur við 15. gr. laganna sem fjallar um annmarka á skilabærni.

Um a-, c-, d- og f-lið. Breytingarnar eru tæknilegs eðlis og ýmist ætlað að auka skýrleika eða samræma hugtakanotkun. Breyting í d-lið greinarinnar endurspeglar betur það sem kallast „non-financial part of the group“ í enskri útgáfu BRRD.

Um b-lið. Ákvæðið er innleiðing á annarri undirgrein b-liðar 7. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. breytingar á annarri undirgrein 3. mgr. 17. gr. BRRD. Leggja ber sama skilning í það sem telst samanlögð krafa um eiginfjáruka og gert er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sbr. ákvæði 83. gr. þeirra laga. Ákvæði þetta varðar tilvik þegar aðili uppfyllir samanlagða kröfu um eiginfjáruka á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki, en ekki samanlögðu kröfuna þegar hún er metin til viðbótar við lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.

Um e-lið. Ákvæðið er innleiðing á ii-lið c-liðar 7. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. nýjan staflið (ha) sem bætist við 5. mgr. 17. gr. BRRD. Í skýringu við b-lið greinarinnar er fjallað um þann skilning sem leggja ber til grundvallar á samanlagðri kröfu um eiginfjáruka.

Um 8. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar og viðbætur við 16. gr. laganna sem fjallar um málsmeðferð vegna annmarka á skilabærni samstæðu.

Um a-lið. Ákvæðið er innleiðing á 1. undirgrein 2. mgr. 8. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. 1. efnisgrein 2. mgr. 18. gr. BRRD.

Um b-lið. Ákvæðið er innleiðing á annarri undirgrein 2. mgr. og fyrstu undirgrein 3. mgr. 8. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. aðra undirgrein 2. mgr. og fyrstu undirgrein 3. mgr. 18. gr. BRRD. Í ákvæðinu er fjallað um málsmeðferð vegna annmarka á skilabærni samstæðu þegar skilaaðili uppfyllir ekki samanlagða kröfu um eiginfjáruka auk lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Varðandi inntak samanlögðu kröfunnar vísast til skýringa við 7. gr. frumvarpsins.

Um c-lið. Ákvæðið er innleiðing á 1. efnisgrein 5. mgr. 8. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. nýja 1. efnisgrein 5. mgr. 18. gr. BRRD og kveður á um breytingar á tímafresti til töku sameiginlegrar ákvörðunar skilastjórnvalda um aðgerðir vegna annmarka á skilabærni samstæðu.

Um d-lið. Ákvæðið er innleiðing á annarri undirgrein 5. mgr. 8. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. nýja aðra undirgrein 5. mgr. 18. gr. BRRD.

Um e- og f-lið. Ákvæðin eru innleiðing á 6. mgr. a og 7. mgr. 8. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. nýja 6. mgr. a og 7. mgr. 18. gr. BRRD. Reglur um málsmeðferð vegna annmarka á skilabærni samstæðu eru hinar sömu en mismunandi tímafrestitir kunna eftir atvikum að gilda.

Um g- og h-lið. Í ákvæðunum eru lagðar til breytingar á millivísunum sem stafa af breytingum greinarinnar.

Um 9. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar og viðbætur við 17. gr. laganna sem fjallar um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Breytingar greinarinnar byggjast á hluta af 17. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. tillögu að nýrri 45. gr. og 45. gr. b BRRD. Líkt og fjallað er um í 3. kafla greinargerðarinnar er þó lagt til að meginefni 17. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar sem felur í sér viðamiklar tæknilegar breytingar á reglum um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar verði innleitt með reglugerð ráðherra, sbr. tillögu í 12. gr. frumvarpsins.

Um a-lið. Ákvæðið er innleiðing á 45. gr., einkum 2. mgr., BRRD, sbr. breytingar í 17. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar. Leggja ber sama skilning í hugtökin „áhættugrunnur“ og „heildarmælistærð áhættuskuldbindingar“ og gert er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Áhættugrunn skal reikna út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar skal reikna út í samræmi við 429. gr. og 429. gr. a sömu reglugerðar.

Um b-lið. Ákvæðið tekur mið af 5. mgr. 45. gr. b BRRD, sbr. breytingar í 17. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar. Með kröfunni um undirskipan er átt við að umræddum skuldbindingum er skipað í kröfuröð fyrir ofan eiginfjárgrunnsgerninga og víkjandi lán sem ekki teljast til eiginfjárgrunnsgerninga en fyrir neðan aðrar forgangslausar skuldbindingar, sem eftirgjöf verður ekki beitt gagnvart. Fjallað er um undirskipaða skuldagerninga í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, sem varð að lögum nr. 38/2021 og vísast til umfjöllunar í greinargerð með því frumvarpi til nánari skýringar.

Um c-lið. Lagt er til að ákvæði 5. og 6. mgr. 17. gr. laganna falli brott. Breytingarnar eru í samræmi við breytingar á 45. gr. BRRD.

Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að ný grein bætist við IV. kafla laganna sem fjallar um takmarkanir á tilteknum úthlutunum. Greinin er innleiðing á 1. mgr. 6. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar,

sbr. nýja 1. mgr. 16. gr. a BRRD. Aðrar málsgreinar 16. gr. a tilskipunarinnar, þ.m.t. ákvæði um útreikning á hámarksúthlutunarfjárhæð, verða innleiddar með reglugerð ráðherra sem sett verður með stoð í 22. gr. a laganna, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Í 83. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, er fjallað um samanlagða kröfu um eiginfjáruka. Í 86. gr. n sömu laga er fjallað um hámarksúthlutunarfjárhæð sem varðar kröfu um eiginfjáruka (e. Maximum Distributable Amount – MDA). Sú hámarksúthlutunarfjárhæð sem rætt er um í þessari grein (MMDA) tengist lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og er því ekki sú sama og fjallað er um í 86. gr. n laga um fjármálafyrirtæki, þótt aðferðafræðin á bak við útreikning hámarksúthlutunarfjárhæðar vegna lágmarkskröfunnar sé sambærileg við þá sem varðar kröfu um eiginfjáruka. Þá eru þær ráðstafanir sem óheimilt er að grípa til skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. þessarar greinar hinar sömu og óheimilt er að grípa til skv. 86. gr. m laga um fjármálafyrirtæki vegna kröfu um eiginfjáruka.

Um 11. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar og viðbætur við 22. gr. laganna sem fjallar um eftirlit skilavalds.

Um a-lið. Ákvæðið er byggt á 45. gr. i BRRD-tilskipunarinnar. Fjallað verður um hvað telst til nauðsynlegra og viðeigandi upplýsinga sem fyrirtæki og einingar skulu afhenda skilavaldi og birta opinberlega í reglugerð ráðherra, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Þá mun Seðlabankinn setja reglur sem varða gagnaskil og upplýsingagjöf, sbr. c-lið greinarinnar.

Um b-lið. Ákvæðið er innleiðing á hluta 1. mgr. og 7. mgr. 45. gr. m BRRD, sbr. breytingar í 17. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar. Nánar verður fjallað um tímafresti í reglugerð ráðherra, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Hugtakið „skuldageringar“ er skilgreint í 35. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna. Íslenska orðið „fjármögnunarlíkan“ er notað yfir það sem kallað er „funding model“ í enskri útgáfu tilskipunarinnar.

Um c-lið. Ákvæðið er innleiðing á 5. og 6. mgr. 45. gr. i og 2. mgr. 45. gr. j BRRD, sbr. breytingar í 17. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar. Reglur Seðlabankans innleiða reglugerðir (ESB) nr. 2021/763 og nr. 2021/622.

Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að ný grein bæstist við IV. kafla laganna um skyldu ráðherra til að setja reglugerð um nánari útfærslu á ákvæðum kaflans. Reglugerð ráðherra innleiðir meginefni 16. gr. a og 45. a – 45. gr. m BRRD, sbr. breytingar í 6. og 17. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar.

Um 13. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar og viðbætur við 23. gr. laganna sem fjallar um samningsskilmála vegna niðurfærslu og umbreytingar, þ.m.t. við eftirgjöf.

Um a-lið. Í ákvæðinu eru lagt til að 2. mgr. 23. gr. laganna afmarki gildissvið greinarinnar á skýrari hátt en áður var, sbr. einnig tillögu að nýrri 3. mgr. 23. gr. laganna. Ákvæðið byggist á síðari hluta 1. efnisgreinar 1. mgr. 21. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. 1. efnisgrein 1. mgr. 55. gr. BRRD. Rétt er að áréttta sérstaklega að 23. gr. laganna gildir ekki um skuldbindingar útgefnar samkvæmt löggjöf á Evrópska efnahagssvæðinu heldur þurfa þær að vera útgefnar á grundvelli löggjafar utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 23. gr. laganna.

Um b-lið. Lagt er til að efni gildandi 3. tölul. 2. mgr. 23. gr. laganna verði fundinn staður í nýrri 3. mgr. 23. gr. laganna. Ákvæði 1. mgr. b-liðar greinarinnar er því óbreytt frá gildandi

lögum. Tillögur að nýrri 4.–7. mgr. 23. gr. laganna eru innleiðing á 2. mgr. 21. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. nýja 2. mgr. 55. gr. BRRD. Ákvæðin tilgreina gildissvið, verklag og málsmeðferð við beitingu undanþágu frá gildissviði 1. mgr. 23. gr. laganna um óframkvæmanleika skilmála í samningum fyrirtækis eða einingar. Orðinu „óframkvæmanlegt“ er ætlað að ná yfir enska orðið „impracticable“.

Um c-lið. Ákvæðið er innleiðing á sjöundu undirgrein 2. mgr. 21. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. sjöundu undirgrein 2. mgr. 55. gr. BRRD.

Um d-lið. Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á lokamálsgrein 23. gr. sem fjallar um reglur Seðlabankans. Breytingarnar útvíkka regluskyldu bankans sem byggist á nýrri 6. og 8. mgr. 55. gr. BRRD, sbr. sömu málsgrein í 21. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar. Reglur Seðlabankans innleiða reglugerðir (ESB) nr. 2021/1527 og nr. 2021/1751.

Um 14. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar og viðbætur við 27. gr. laganna sem fjallar um skilyrði fyrir niðurfærslu og umbreytingu án skilaaðgerða. Breytingar í a-, c- og d-lið greinarinnar leiða af útvíkkuðu gildissviði VI. kafla laganna. Þær breytingar eru innleiðing á d- og f-lið 23. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. breytingar á 2., 4. og 10. mgr. 59. gr. BRRD. Breytingar í b- og e-lið greinarinnar leiða af breytingum sem gerðar eru á 35. gr. laganna í 19. gr. frumvarpsins, sbr. einnig breytingar í b- og e-lið 23. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar. Ákvæði f-liðar greinarinnar er innleiðing á fyrri hluta (1a) c-liðar 23. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar. Þær skuldbindingar, sem heimilt verður að niðurfæra eða umbreyta án skilaaðgerða, verða tilgreindar í reglugerð ráðherra um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem sett verður á grundvelli 22. gr. a laganna, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar og viðbætur við 28. gr. laganna sem fjallar um framkvæmd niðurfærslu og umbreytingar.

Um a-lið. Ákvæðið er innleiðing á b-lið 24. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. nýjan d-lið 1. mgr. 60. gr. BRRD.

Um b–e-lið. Ákvæðin innleiða c- og d-lið 24. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. breytingar á 2. og 3. mgr. 60. gr. BRRD. Breytingarnar leiða af útvíkkuðu gildissviði VI. kafla laganna en kaflinn skal einnig gilda um hæfar skuldbindingar.

Um 16. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 29. gr. laganna sem fjallar um málsmeðferð við niðurfærslu og umbreytingu á samstæðugrunni. Breytingarnar fela í sér innleiðingu á 26. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar sem breytir 62. gr. BRRD.

Um 17. gr.

Greinin útvíkkar gildissvið VI. kafla laganna sem skal einnig gilda um hæfar skuldbindingar, sbr. breytingar í 22. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar.

Um 18. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 30. gr. laganna sem fjallar um virðismat. Breyting á 1. mgr. 30. gr. laganna í a-lið greinarinnar er innleiðing á a-lið 13. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar. Breytingar á 2. mgr. 30. gr. laganna í b-lið greinarinnar eru innleiðing á b- og c-lið 13. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar.

Um 19. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 35. gr. laganna sem fjallar um ákvörðun um skilameðferð.

Um a-lið. Ekki er um efnisbreytingu að ræða í ákvæðinu heldur er ætlunin að auka skýrleika þess út á við enda mikilvægt að ljóst megi vera hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt til að fyrirtæki verði tekið til skilameðferðar. Ákvæðið byggist á BRRD og lagt er til að efni sem fram kemur í skýringum við gildandi 35. gr. laganna verði fundinn staður í lögnum. Í skýringum við gildandi ákvæði er meðal annars fjallað um þær einkaréttarlegu og opinberu aðgerðir sem líta ber til við mat á því hvort koma megi í veg fyrir fall fyrirtækis með vægara móti en skilameðferð. Rétt þykir að áréttta sérstaklega andstætt við skýringu gildandi ákvæðis 1. mgr. 35. gr. laganna að hefðbundin slita- eða gjaldþrotaskiptameðferð telst ekki vægari aðgerð opinbers eðlis sem skilavaldinu ber að líta til við mat á því hvort skilyrði skilameðferðar séu uppfyllt, sbr. tillögu að 2. tölul. 1. mgr. 35. gr. laganna.

Um b-lið. Í ákvæðinu er lagt til að 2. tölul. 3. mgr. 35. gr. laganna falli brott en gildandi töluliður setur skilyrði fyrir skilameðferð eignarhaldsfélaga. Breytingin er innleiðing á 2. mgr. 33. gr. BRRD, sbr. breytingar í 11. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar og af henni leiðir að ávallt skal heimilt að grípa til skilaaðgerðar gagnvart eignarhaldsfélögum, sbr. þó sértæka undantekningu um blönduð eignarhaldsfélög í tillögu að 2. tölul. 3. mgr. laganna.

Um c-lið. Ákvæðið er innleiðing á 3. mgr. 33. gr. BRRD, sbr. aðra undirgrein 11. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar.

Um d-lið. Ákvæðið er innleiðing á 4. mgr. 33. gr. BRRD, sbr. þriðju undirgrein 11. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar. Efni ákvæðisins er að hluta til hið sama og var að finna í gildandi 2. tölul. 3. mgr. 35. gr. laganna en gildir eftir breytingu um eignarhaldsfélög þrátt fyrir að skilyrði skilameðferðar séu ekki uppfyllt.

Um 20. gr.

Í greininni er lagt til að ný grein, 35. gr. a, bætist við VIII. kafla laganna til innleiðingar á 33. gr. a BRRD, sbr. 12. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar.

Um 1. mgr. Málsgreinin er innleiðing á 1. mgr. 33. gr. a BRRD, sbr. einnig 5. mgr. sömu greinar í þessari skýringu. Þegar skilavaldið beitir heimild þessa ákvæðis skal það taka tillit til þeirra áhrifa sem beitingin hefur á fjármálamarkað og réttindi lánardrottna en þeir skulu ekki fá minna í sinn hlut en ef fyrirtæki eða eining hefði farið í slitameðferð eða gjaldþrotaskipti í stað skilameðferðar.

Um 2. mgr. Málsgreinin er innleiðing á 2.–3. og 6.–7. mgr. 33. gr. a BRRD.

Um 3. mgr. Málsgreinin er innleiðing á 4. mgr. 33. gr. a BRRD. Þrátt fyrir að ákvæðið veiti tilgreindan hámarksfrest skal tímabil frestunar þó vera eins stutt og mögulegt er.

Um 4. mgr. Málsgreinin er innleiðing á 8. mgr. 33. gr. a BRRD. Með viðeigandi aðilum í ákvæðinu er átt við eftirlitsstjórnvöld og skilastjórnvöld útibúa fyrirtækisins og á samstæðu-grunni, fjármála- og efnahagsráðuneytið og Tryggingarsjóð vegna fjármálafyrirtækja.

Um 5. mgr. Málsgreinin er innleiðing á 10. mgr. 33. gr. a BRRD. Auk þess að fresta greiðslu eða afhendingu er skilavaldinu heimilt á tímabili þeirrar frestunar að fresta einnig rétti lánardrottna til að ganga að tryggingum og fresta uppsagnarrétti.

Um 6. mgr. Málsgreinin er innleiðing á 11. mgr. 33. gr. a BRRD. Sú takmörkun sem kveðið er á um í greininni gildir einungis gagnvart því fyrirtæki eða einingu sem heimildum 35. gr. a hefur verið beitt gagnvart. Við skilameðferð á samstæðugrunni er skilavaldinu því heimilt að beita ákvæðum 70.–72. gr. laganna gagnvart fyrirtæki eða einingu ef heimildum 35. gr. a hefur

ekki verið beitt vegna þeirra á fyrri stigum heldur öðrum fyrirtækjum eða einingum innan samstæðunnar.

Um 21. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 39. gr. laganna sem fjallar um áskilnað um niðurfærslu eða umbreytingu. Greinin er innleiðing á a-lið 14. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. breytingu á 2. mgr. 37. gr. BRRD.

Um 22. gr.

Í greininni er lagt til að notað verði orðið „ráðstafanir“ í stað þess að tala um „kerfi“ í 55. gr. laganna. Hægt er að leggja þann skilning í orðið „kerfi“ að áskilnaður sé gerður um sérstakan gagnagrunn eða sambærilegt sem er ekki áskilið samkvæmt tilskipuninni.

Um 23. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar og viðbætur við 56. gr. laganna sem fjallar um takmarkanir á eftirgjöf.

Um a-lið. Staflíðurinn er innleiðing á a-lið og fyrstu undirgrein b-liðar 15. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. breytingar og viðbætur við 2. og 3. mgr. 44. gr. BRRD. Ef skilavaldið kemst að þeirri niðurstöðu við mat á skuldbindingum skv. 12. tölul. 1. mgr. 56. gr. laganna að skuldbindingarnar séu ekki undanþegnar eftirgjöf samkvæmt tölulíðnum skal það meta sérstaklega hvort skuldbindingarnar séu að hluta eða í heild undanþegnar eftirgjöf á grundvelli 3. mgr. 56. gr. laganna.

Um b-lið. Breytingin er samkynja breytingu í d-lið 2. gr. frumvarpsins. Vísast til umfjöllunar um þá grein til skýringar.

Um 24. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 57. gr. laganna sem fjallar um heimild til að undanskilja hæfar skuldbindingar eftirgjöf. Breytingar greinarinnar eru innleiðing á annarri undirgrein b-liðar og c-lið 15. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. breytingar á 3. og 4. mgr. 44. gr. BRRD. Hugtakið „eftirgefánleg skuldbinding“ er skilgreint í 18. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Um 25. gr.

Í greininni er lagt til að ný grein, 57. gr. a, bætist við X. kafla laganna sem fjallar um skilaúrræði. Greinin innleiðir 44. gr. a BRRD, sbr. breytingar í 16. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, og fjallar um sölu á víkjandi hæfum skuldbindingum til almennra fjárfesta.

Um 1. mgr. Málsgreinin er innleiðing á 1. mgr. 44. gr. a BRRD. Í 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er fjallað um einkenni hæfra skuldbindinga og þær skuldbindingar sem ekki teljast hæfar. Í ákvæðinu er vísað til þess að skilyrði þess að skuldbindingar teljist hæfar sem fram koma í 72. gr. b sömu reglugerðar skuli uppfyllt. Því er í ákvæðinu kveðið á um undanþágur bæði frá 72. gr. a og 72. gr. b reglugerðarinnar.

Um 2. mgr. Málsgreinin er innleiðing á 2. mgr. 44. gr. a BRRD. Íslensku orðin „verðgildi fjármálagerninga“ eru notuð yfir það sem kallað er „financial instrument portfolio“ í enskri útgáfu tilskipunarinnar. Er það í samræmi við orðnotkun í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 54. gr. þeirra laga.

Um 3. og 4. mgr. Málsgreinarnar eru innleiðing á 3. og 4. mgr. 44. gr. a BRRD og þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 26. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 3. mgr. 66. gr. laganna sem fjallar um gildissvið gagnvart öðrum lögum. Greinin er innleiðing á 32. gr. b BRRD, sbr. breytingar í 10. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar. Eining eins og hún er skilgreind í 13. tölul. 3. gr. laganna skal tekin til slita skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki ef skilyrði skilameðferðar önnur en skilyrðið um að almannahagsmunir krefjist þess eru uppfyllt.

Um 27. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 69. gr. laganna sem fjallar um þær aðstæður þegar samningsskilmálum er vikið til hliðar. Greinin er innleiðing á 29. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. breytingar á 3. og 5. mgr. 68. gr. BRRD.

Um 28. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar og viðbætur við 70. gr. laganna sem fjallar um heimild til að fresta tilteknum skuldbindingum.

Um a-lið. Töluliðurinn innleiðir a-lið 30. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. breytingar á 4. mgr. 69. gr. BRRD. Ekki eru lagðar til breytingar á 1. tölul. 4. mgr. 70. gr. laganna sem varðar tryggðar innstæður og byggist það á því svigrúmi sem leiða má af fyrstu undirgrein b-liðar 30. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar.

Um b-lið. Töluliðurinn er innleiðing á síðari undirgrein b-liðar 30. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. breytingar á 5. mgr. BRRD. Hugtökin tryggingarhæf innstæða og tryggð innstæða eru skilgreind í 5. og 6. mgr. 9. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999.

Um 29. gr.

Í greininni eru lagt til að ný grein, 78. gr. a, bætist við XII. kafla laganna sem fjallar um heimildir til ráðstafana vegna samninga. Greinin innleiðir 71. gr. a BRRD, sbr. breytingar í 33. tölul. 1. gr. BRRD II-tilskipunarinnar, og fjallar um skilmála um heimildir skilavalds í fjárhagslegum samningum.

Um 1. mgr. Málsgreinin er innleiðing á 1. mgr. 71. gr. a BRRD. Líkt og gildir um 23. gr. laganna, sbr. 13. gr. frumvarpsins, er gildissvið þessarar greinar samningar sem löggjöf utan Evrópska efnahagssvæðisins gildir um. Greinin gildir því ekki um samninga sem gerðir hafa verið á grundvelli löggjafar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Um 2. mgr. Málsgreinin er innleiðing á 3. mgr. 71. gr. a BRRD og afmarkar frekar gildissvið greinarinnar.

Um 3. mgr. Málsgreinin er innleiðing á 4. mgr. 71. gr. a BRRD. Vanræksla fyrirtækis eða einingar um framfylgd skyldu samkvæmt greininni hefur ekki áhrif á heimildir skilavaldsins samkvæmt lögnum.

Um 4. mgr. Málsgreinin er innleiðing á 5. mgr. 71. gr. a BRRD. Á grundvelli heimildar ákvæðisins mun Seðlabankinn setja reglur til innleiðingar á reglugerð (ESB) nr. 2021/1340.

Um 30. gr.

Í greininni er lagt til að ný grein, 80. gr. a, bætist við í upphafi XIV. kafla laganna sem fjallar um önnur ákvæði um skilameðferð. Greinin fjallar um samspil skilameðferðar og markmiða laganna og byggist efni hennar á BRRD, sbr. 1. mgr. og hluta af 2. mgr. 31. gr. tilskipunarinnar. Nokkur reynsla er komin á störf skilavaldsins og með tilliti til þess þykir rétt að finna þessum efnisákvæðum tilskipunarinnar stað í lögum í stað þess að þau komi eingöngu

fram í skýringum við frumvarp sem varð að lögum nr. 70/2020. Samkvæmt greininni skal beita þeim skilauurræðum og skilaheimildum sem eru best til þess fallin að ná þeim markmiðum laganna sem skilavaldið telur hafa mest vægi í hverju máli fyrir sig. Skilavaldið metur því vægi einstakra markmiða laganna eftir atvikum, en almennt hefur ekkert eitt markmið meira vægi en annað.

Um 31. gr.

Í greininni eru lagðar til viðbætur við 89. gr. laganna sem fjallar um skilaráð. Greinin er innleiðing á 89. gr. BRRD, sbr. breytingar í 35. tölul. BRRD II-tilskipunarinnar. Viðbætur greinarinnar hafa ekki áhrif hér á landi miðað við núverandi aðstæður á fjármálamarkaði og ólíklegt þykir að þær aðstæður sem fjallað er um í greininni raungerist í næstu framtíð.

Um 32. gr.

Í greininni er lagt til að Seðlabankanum verði veitt heimild til að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvæðum 3. mgr. 15. gr., 1. mgr. 17. gr., 21. gr. og 1. mgr. 22. gr. laganna. Heimildir Seðlabankans samkvæmt greininni rúmast innan 110. gr. BRRD sem eftirlætur aðildarríkjum að ákvarða viðurlög vegna brota á ákvæðum tilskipunarinnar.

Um 33. gr.

Í greininni eru lagðar til viðbætur við 102. gr. laganna sem tilgreinir hvaða tilskipanir eru innleiddar með lögnum. Frumvarp þetta innleiðir meginefni BRRD II-tilskipunarinnar, sbr. þó efni í 6. og 17. tölul. 1. gr. sem innleitt verður með reglugerð ráðherra settri með stoð í 22. gr. a laganna, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Um 34. gr.

Greinin fjallar um gildistöku og þarfnast ekki skýringar.

Um 35. gr.

Í greininni eru lagðar til fáeinar breytingar á öðrum lögum, aðallega ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um a-lið 1. tölul. Í ákvæðinu er lögð til breyting á 3. mgr. 82. gr. a laga um fjármálafyrirtæki sem fjallar um aðgang skilavaldsins að endurbótaáætlunum lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Slík áætlun þarf ekki að vera fullbúin til að skilavaldið geti fengið aðgang að henni líkt og túlka má gildandi ákvæði.

Um b- og c-lið 1. tölul. Í ákvæðunum er kveðið á um tvær breytingar á 98. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem fjallar um endurskipulagningu fjárhags. Breytingarnar tengjast því að viðeigandi ákvæði í 117. gr. BRRD, sbr. breytingar á 5. mgr. 1. gr. tilskipunar 2001/24/EB og skilgreiningu á endurskipulagningu fjárhags í 2. gr. sömu tilskipunar, voru ekki innleidd með nægjanlega nákvæmum hætti við setningu laga nr. 70/2020. Beiting skilaaðgerða, þar af leiðandi skilameðferð, telst þannig ekki til endurskipulagningar fjárhags, sbr. a-lið greinarinnar. Ákvæðið ber að skilja á þann hátt að aðstoðarmanni skuldara eða umsjónarmanni með nauðasamningsumleitunum samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, sé heimilt að grípa til skilaaðgerða samkvæmt lögum um skilameðferð, ef við á, þegar sjálfstæðu úrræði endurskipulagningar fjárhags er beitt. Breytingu í b-lið greinarinnar er ætlað að skerpa á orðalagi í lokamálgrein 98. gr. laganna þannig að ljóst megi vera að endurskipulagning

fjárhags og slitameðferð eru ekki hluti af skilameðferð. Endurskipulagning fjárhags og slitameðferð eru sjálfstæð úrræði sem geta komið til álita í kjölfar skilameðferðar en ekki sem hluti af því ferli.

Um d- og e-lið 1. tölul. Í ákvæðunum eru lagðar til breytingar á 3. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem fjallar um reglur um forgang krafna við slitameðferð. Rétt þykir að skerpa á ákvæðinu þannig að ekki sé vafa undirorpið hvaða reglur gilda um forgang og rétt hæð krafna við slitameðferð. Fjármálafyrirtæki eins og það er skilgreint í 1. tölul. 1. gr. b laga um fjármálafyrirtæki verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum, sbr. 1. mgr. 101. gr. laganna. Gildissvið 108. gr. BRRD sem innleidd var með 85. gr. a laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja er skila- og slitameðferð. Sömu reglur og fram koma í 85. gr. a skulu því gilda við skila- og slitameðferð allra fjármálafyrirtækja.

Um 2. tölul. Ákvæðið er innleiðing á 1. tölul. 2. gr. BRRD II-tilskipunarinnar. Með „miðlægum mótaðila“ er átt við miðlæga mótaðila í skilningi laga um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, nr. 15/2018.

Fylgiskjal.

Samanburður á ákvæðum frumvarpsins og gildandi laga.

www.althingi.is/alttext/pdf/153/fylgiskjol/s0000-f_I.pdf